

REGLUGERÐ**1**

2. jan.

um fasteignaskatt á Akranesi.**1. gr.**

Til bæjarsjóðs Akraneskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt, samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945 og lögum nr. 29 4. febr. 1952 af fasteignum í lögsagnarumdæmi Akraness eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt af byggingarlóðum — byggðum og óbyggðum — erfðafestulöndum, húseignum og öðrum mannvirkjum 0.7%.

3. gr.

Skatt skal greiða af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er skal sleppa og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki kr. 300.00 greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigulóðir, leigjujarðir og önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er, samkvæmt reglugerð þessari, 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 2. janúar 1958 og ber að greiða skattinn, sem skal reiknaður í heilum krónum, til bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem ekki er greiddur tveimur mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum, samkvæmt lögum um útsvör.

7. gr.

Undanþegar fasteignaskatti, samkvæmt reglugerð þessari, eru: Bíóhöllin, sjúkrahúsið og kirkjan.

Verði ágreiningur um skattskyldu fasteigna sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteigninni, sem hann er lagður á og skal, ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, sem á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, sbr. og lög nr. 29 4. febr. 1952, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

B 1

1 Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um fasteignaskatt á Akranesi nr. 85 17.
2. jan. apríl 1945.

Félagsmálaráðuneytið, 2. janúar 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

2

2. jan.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 0,6% af fasteignamatsverði hússins.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður vatnsveitustjóri þá skattinn.

2. gr.

Auk vatnsskatts, samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskattur samkv. 1. mgr. skal vera 50 aurar fyrir hvern teningsmetra. Þar sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, skal vatnsveitustjóri ákveða aukavatnsskattinn, eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitustjóra, um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitustjóra, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

3. gr.

Verð á vatni, sem selt er til skipa í höfninni, skal vera kr. 10.00 fyrir hverja 1000 lítra.

4. gr.

Nú er vatni úr Vatnsveitu Akraness veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákveða vatnsskattinn samkv. því, er í reglugerð þessari segir.

5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

6. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Skatturinn skal reiknaður í heilum krónum.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.